

HS Veitur hf - Árshlutareikningur 30. júní 2026



Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2026 var samþykktur á fundi stjórnar í dag 16. september 2026.

Helstu atriði

Heildarhagnaður á tímabilinu 1/1-30/6 2026 var 663 m.kr. á móti hagnaði á sama tímabili árið 2025 upp á 802 m.kr.

EBITDA var 2.294 m.kr. (37,3%) á fyrri helmingi ársins 2026 á móti 2.071 m.kr. (37,3%) á sama tímabili árið 2025.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 30. júní 2026 er 42,5% en var 43,1% í ársbyrjun.

Veltufjárlutfall var 1,85 þann 30. júní 2026 samanborið við 2,31 í lok árs 2025.

Hluthafar félagsins eru þrír og skiptist hlutfjáreign þeirra þannig 30.06.2026:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	49,80%
Suðurnesjabær	0,10%

Almenn umfjöllun

Hagnaður tímabilsins 1/1-30/6 2026 nam 663 m.kr. á móti hagnaði fyrir sama tímabil árið 2025 uppá 802 m.kr. Rekstrarhagnaður tímabilsins 1/1-30/6 2026 hækkaði um 197 m.kr. frá fyrra ári. Á tímabilinu 1/1-30/6 2026 seldi félagið fastafjármuni sem myndaði söluhagnað upp á 160 m.kr. Á sama tímabili á árinu 2025 fékk félagið endurgreiddan útlagðan kostnað vegna neyðaraðgerða á neðansjávarlögnum til Vestmannaeyja að fjárhæð 118,5 m.kr.

Tekjur hækkuðu um 10,8% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna á tímabilinu 6.152 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 3.176 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 2.029 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 553 m.kr. og vegna annarar starfsemi 394 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir sama tímabil á árinu 2025 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 5.553 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 3.049 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.790 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 499 m.kr. og vegna annarar starfsemi 215 m.kr.

Kostnaðarverð sölu hækkaði um 400 m.kr. eða 11,5% á milli ára. Kostnaðarverð sölu nam 3.883 m.kr. fyrri hluta ársins 2026 (63,1% m.v. tekjur) á móti 3.483 m.kr. árið 2025 (62,7% m.v. tekjur).

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 899 m.kr. á tímabilinu 1/1-30/6 2026 en voru neikvæð um 536 m.kr. á sama tímabili á árinu 2025. Verðbætur langtímalána hækkuðu um 375 m.kr., voru 745 m.kr. á fyrri hluta ársins 2026 m.kr. á móti 371 m.kr. á sama tímabili árið 2025. Vaxtagjöld hækkuðu um 88 m.kr., voru 350 m.kr. á tímabilinu 1/1-30/6 2026 en 262 m.kr. á sama tímabili 2025. Á móti kemur hækkan vaxtatekna um 101 m.kr., voru 199 m.kr. á fyrri hluta ársins 2026 en 98 m.kr. á sama tímabili 2025.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 106 m.kr. fyrri hluta ársins 2026 á móti 130 m.kr. á sama tímabili árið 2025. Tekjuskattur til greiðslu vegna fyrri hluta ársins nemur 51 m.kr. samanborið við 133 m.kr. á sama tíma á árinu 2025. Skýringin á lægri tekjusköttum til greiðslu liggur annarsvegar í lægri afkomu fyrir skatta og hinsvegar leiðréttingu á óráðstöfuðu eigin fé í ársbyrjun 2026 vegna villu í útgefnum reikningum frá HS Orku vegna heildsöluviðskipta með heitt vatn vegna árána 2022-2025. Um er að ræða áætlaðan kostnað að fjárhæð um 190 m.kr. að frádregnum tekjuskattsáhrifum að fjárhæð 38 m.kr. eða nettó 152 m.kr. Samanburðatölur í árshlutareikningnum hafa verið leiðréttar vegna þessa.

EBITDA á tímabilinu 1/1-30/6 2026 er 2.294 m.kr. (37,3%) á móti EBITDA 2.071 m.kr. (37,3%) fyrir sama tímabil árið 2025.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 30. júní 2026 bókfærðar á 41.079 m.kr. og lækkuðu um 181 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í fastafjármunum á fyrri hluta 2026 námu alls um 1.560 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 846 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 416 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 128 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 170 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: Fjárfestingar í fastafjármunum 876 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 561 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 110 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 69 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 136 m.kr.

Eigið fé HS Veitna hf. nam 17.442 m.kr. þann 30. júní 2026 og er eiginfjárlutfall félagsins 42,5%. Eigið fé HS Veitna hf nam 17.779 m.kr. þann 31. desember 2025 og eiginfjárlutfall félagsins 43,1%.

Fjárhagsstaða félagsins þann 30. júní 2026 er sterk og horfur um rekstur þess góður. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og til að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Helstu fjárhæðir úr árshlutareikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	01.01.-30.06. 2026		01.01.-30.06. 2025		Breyting milli ára
		%		%	
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	6.151.567	100,0%	5.553.408	100,0%	10,8%
Kostnaðarverð sölu	(3.883.375)	(63,1%)	(3.483.102)	(62,7%)	11,5%
Vergur hagnaður	2.268.192	36,9%	2.070.306	37,3%	9,6%
Annar rekstrarkostnaður	(601.266)	(9,8%)	(600.809)	(10,8%)	0,1%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	1.666.926	27,1%	1.469.497	26,5%	13,4%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(898.608)	(14,6%)	(536.396)	(9,7%)	67,5%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	768.317	12,5%	933.101	16,8%	(17,7%)
Tekjuskattur	(105.731)	(1,7%)	(130.700)	(2,4%)	(19,1%)
Hagnaður ársins	662.586	10,8%	802.401	14,4%	(17,4%)
	30.6.2026		31.12.2025		
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	34.898.251	85,0%	33.963.575	82,3%	2,8%
Veltufjármunir	6.180.991	15,0%	7.296.825	17,7%	(15,3%)
Eignir samtals	41.079.241	100,0%	41.260.400	100,0%	(0,4%)
Eigið fé	17.441.850	42,5%	17.779.264	43,1%	(1,9%)
Langtímaskuldir	20.293.708	49,4%	20.326.746	49,3%	(0,2%)
Skammtímaskuldir	3.343.683	8,1%	3.154.390	7,6%	6,0%
Skuldir og eigið fé samtals	41.079.241	100,0%	41.260.400	100,0%	(0,4%)
Kennitölur					
EBITDA	2.293.560	37,3%	2.071.362	37,3%	10,7%
Veltufjárhlutfall	1,85		2,31		(20,1%)
Eiginfjárhlutfall	42,5%		43,1%		(1,5%)